

Þjónustustefna Skagafjarðar

Þjónustustefna sveitarfélagsins er sett á grunni 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í júní 2021 var lögfest ákvæði í fyrrnefndum sveitarstjórnarlögum að frumkvæði Byggðastofnunar sem kveður á um að sveitarstjórn skuli móta stefnu sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum.

Greinin er svo hljóðandi:

[130. gr. a. Stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags. Samhliða fjárhagsáætlun, sbr. 62. gr., skal sveitarstjórn móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum viðkomandi sveitarfélags. Við gerð og mótun stefnunnar skal sveitarstjórn hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins. Málsmeðferð við afgreiðslu stefnunnar skal að öðru leyti vera skv. 3. mgr. 62. gr.]

Í greinargerð frumvarpsins segir eftirfarandi um greinina:

Hér er lagt til það nýmæli að sveitarstjórn beri að setja sér stefnu um það hvaða þjónustustigi sveitarfélagið ætlar að halda uppi í byggðum og byggðarlögum utan stærstu byggðakjarna viðkomandi sveitarfélags og upplýsa íbúa um stefnuna.

Ljóst er að með fækkun sveitarfélaga munu jafnframt myndast víðáttumikil sveitarfélög, mögulega með fáum og stórum byggðakjörnum en viðkvæmari byggð á öðrum svæðum innan sveitarfélaganna. Því er mikilvægara en áður að stefna sveitarstjórnar varðandi þjónustustig á slíkum svæðum verði skýr og komi til sérstakrar umræðu og er því lögð til sú skylda á sveitarstjórn að mynda og móta slíka stefnu eftir sérstakt samráð við íbúa sveitarfélagsins, t.d. með opnu umsagnarferli. Ekki er getið sérstaklega um þá þjónustu sem beri að greina frá í stefnunni en gert er ráð fyrir að það verði á ábyrgð sveitarstjórnar að móta heildarstefnu fyrir hverja byggð eða byggðarlag fyrir sig og gera grein fyrir ætluðu þjónustustigi vegna einstakra verkefna sem sveitarfélagið hyggst veita á viðkomandi svæðum, t.d. skólahalds, ferða skólabíla, opnunartíma sundlauga, reksturs félagsheimila o.s.frv. Þá er almennt gert ráð fyrir að sveitarfélag myndi ávallt stefnu um öll þau byggðasvæði sem eru utan stærstu byggðakjarna. Það er hins vegar lagt í hendur sveitarfélaga að ákvarða hvort og hvernig svæði verði skipt frekar upp með tilliti til þjónustustigs, svo sem með því að flokka svæði eftir ákveðinni fjarlægð frá byggðakjarna eða miðað við eldri skipan sveitarfélaga eða hreppa.

Í 2. mgr. er lagt til að sama fyrirkomulag verði við afgreiðslu á þjónustustefnu sveitarfélagsins skv. 1. mgr. og er við afgreiðslu fjárhagsáætlunar skv. 62. gr. laganna enda ljóst að slíkar áætlanir haldast í hendur.

Við gerð þjónustustefnu sveitarfélaga þarf að hafa í huga lögskyld og lögheimil verkefni samkvæmt yfirliti Stjórnarráðsins sem gefið er út með vísan til 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Verkefni eru lögskyld ef sveitarfélögum er skylt að rækja þau. Lögheimil felast í því að sveitarfélag hefur svigrúm til þess að ákveða hvort verkefninu sé sinnt, en ef sú ákvörðun er tekin gildir um verkefnið tiltekinn lagarammi. Einnig þarf að hafa í huga verkefni sem sveitarfélög velja að setja á dagskrá til að gera sveitarfélagið eftirsóknarverðan kost sem eru þá valkvæð verkefni.

Almennt um þjónustu sveitarfélagsins

Skagafjörður sveitarfélag leggur áherslu á að íbúar upplifi sveitarfélagið sem traustan og ábyrgðarfullan þjónustuaðila gagnvart blómlegu samfélagi á svæðinu. Lögð er áhersla á að þjónusta sveitarfélagsins, eftir því sem lög og reglur heimila, verði löguð að þörfum íbúa og fyrirtækja á grundvelli jafnræðissjónarmiða. Það er sameiginlegt markmið starfsmanna og stjórnenda sveitarfélagsins að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu. Slíkt samstarf byggist á trausti og virðingu þar sem hver og einn ber ábyrgð á eigin viðhorfum og hugarfari. Skagafjörður er þjónustuaðili sem veitir íbúum, fyrirtækjum og gestum þjónustu með fjölbreytilegum hætti. Allt starfsfólk Skagafjarðar á að vera samstíga í að veita góða þjónustu og notendur þjónustunnar ættu að vita hvers þau geta vænst þegar þau sækja þjónustuna.

Lögð er áhersla á að þjónustan sé aðgengileg og taki mið af þörfum notanda hverju sinni. Þjónustan er sérhæfð fagkunnátta sem fléttist inn í alla starfsemi sveitarfélagsins. Alla þjónustu skal veita sem næst notandanum, þar sem viðkomandi er hverju sinni. Leitast verður við að veita þjónustuna á staðnum, í síma, tölvupóstsamskiptum, í gegnum Íbúagátt eða öðrum stafrænum leiðum, eða í gegnum fjarfundi. Starfsmenn skulu sinna starfi sínu af samviskusemi og sýna kurteisi, lipurð og réttisýni og starfa fyrst og fremst í þágu íbúa sveitarfélagsins sem leggur þeim þá skyldu á herðar að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum.

Skipulag stefnunnar

Stefnunni er skipt eftir málaflokkum og þar undir hvernig þeirri þjónustu er háttað í byggðum og byggðarlögum sveitarfélagsins. Í stefnu þessari er Skagafirði skipt í eftirfarandi svæði:

Sauðárkrókur og nágrenni	Hofsós og nágrenni	Varmahlíð og nágrenni
Sauðárkrókur þéttbýliskjarni	Hofsós þéttbýliskjarni	Varmahlíð þéttbýliskjarni
Svæðið frá Skaga, frá mörkum Skagafjarðar og Húnabyggðar, Reykjaströnd og suður að Gili í Borgarsveit. Einnig austur til vegamóta að Siglufjarðarvegi, sunnan Ásgeirsbrekku. Um er að ræða sama svæði og tilheyrir skólahverfi Árskóla.	Svæðið frá vegamótum Siglu-fjarðarvegar, sunnan Ásgeirsbrekku og norður að mörkum Skagafjarðar og Fjallabyggðar. Um er að ræða sama svæði og tilheyrir skólahverfi Grunn-skólans austan Vatna.	Svæðið frá Birkihlíð vestan Vatna og frá vegamótum Siglufjarðarvegar sunnan við Ásgeirsbrekku og til suðurs. Vesturmörk eru mörk Skagafjarðar og Húnabyggðar og austurmörk eru mörk Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Um er að ræða sama svæði og tilheyrir skólahverfi Varmahlíðarskóla.

Stefnan er sett fram þannig að fyrst er fjallað um lögskyld verkefni sveitarfélagsins og hvernig þeim er háttað á hverjum stað fyrir sig. Því næst er farið yfir með sama hætti lögheimil verkefni og loks valkvæð verkefni sem sveitarfélagið veitir þjónustu. Hafa þarf í huga að í mörgum tilfellum er þjónustunni eins háttað fyrir allt sveitarfélagið í heild.

Lögskyld verkefni

Félagsþjónusta sveitarfélagsins

Barnaverndarþjónusta: Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag í Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands og ber ábyrgð á barnavernd í nánú samstarfi við aðildarsveitarfélögin. Barnaverndarþjónusta Mið-

Norðurlands er samstarf sex sveitarfélaga á Norðurlandi, frá Hrútafirði í vestri að Eyjafirði í austri. Barnaverndarþjónustan er einnig aðili að Umdæmisráði landsbyggðanna, en þangað færast mál ef taka þarf ákvarðanir í andstöðu við foreldra og börn. Starfsmenn þjónustunnar eru níu og samanstanda af starfsfólki fyrri barnaverndarnefnda sem lagðar voru niður 1. janúar 2023 með nýrri löggjöf. Leiðtogi farsældar, fræðslu og ráðgjafar hjá Skagafirði, sviðsstjóri fjölskyldusviðs í Húnaþingi vestra, félagsmálastjóri í Austur Húnavatssýslu og deildarstjóri félagsmáladeildar í Fjallabyggð mynda fagráð þjónustunnar og stýra mótun hennar.

Starfsfólk barnaverndarþjónustu Skagafjarðar er með starfsstöð í Ráðhúsinu. Verkefni barnaverndar eru meðal annars vinnsla mála skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002, ráðgjöf í tengslum við fjölskyldur og barnavernd, umsagnir í umgengnis- og ættleiðingarmálum, úttektir á fósturfjölskyldum og stuðningsfjölskyldum, sumardvalir barna og forvarnarstarf.

Félagsleg ráðgjöf: Fjölskylduþjónustan býður upp á félagslega ráðgjöf og eru ráðgjafar með starfsstöð í Ráðhúsinu á Sauðárkróki. Markmið félagslegrar ráðgjafar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Tilgangurinn er alltaf að hjálpa fólki til sjálfshjálpar þannig að sérhver einstaklingur geti sem best notið sín í samfélaginu. Íbúar í dreifbýli geta óskað eftir ráðgjöf í gegnum síma.

Fjárhagsaðstoð: Ráðgjafar eru með starfsstöð í Ráðhúsinu á Sauðárkróki. Fjárhagsaðstoð er veitt vegna framfærslu einstaklinga og fjölskyldna. Rétt á fjárhagsaðstoð eiga þeir sem eiga lögheimili í Skagafirði, hafa tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum og geta ekki séð sér og sínum farboða með öðrum hætti. Íbúar í dreifbýli geta óskað eftir ráðgjöf í gegnum síma.

Málefni aldraðra: Á Sauðárkróki er dagdvöl aldraðra sem er stuðningsúrræði fyrir eldri borgara í Skagafirði sem búa í heimahúsum og þurfa stuðning í þeim tilgangi að viðhalda færni og getu til að búa sem lengst heima. Dagdvöl er opin alla virka daga. Boðið er upp á akstursþjónustu í Dagdvöl fyrir alla notendur. Skagafjörður styður við félags- og tómstundastarf eldri borgara í Húsi frítímans á Sauðárkróki, Hofsósi og Löngumýri. Starfsfólk félagsþjónustunnar annast fræðslu og ráðgjöf á þessum samverum sé þess óskað. Einnig er stuðningsþjónusta í boði fyrir þá sem þurfa á að halda. Boðið er upp á heimsendingu matar á Sauðárkróki og lausna leitað til að hægt sé að veita heimsendingu matar eftir þörfum víðar í héraðinu.

Málefni fatlaðs fólks: Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra og fer með yfirstjórn málaflokksins á því svæði. Þjónusta sem veitt er í málefnum fatlaðs fólks í Skagafirði er lóða-hæfing, akstursþjónusta fatlaðra, stuðnings- og stoðþjónusta, búsetuúrræði, skammtímadvöl, notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA), notendasamningar og ráðgjöf.

Túlkþjónusta: Ekki er samningur um túlkþjónustu en tengiliðir sem hægt er að kalla til eftir þörfum, ýmist fyrir stað- eða fjarþjónustu.

Upplýsingagjöf vegna barna: Heilt yfir fyrir allt sveitarfélagið er unnið samkvæmt barnalögum nr. 76/2003.

Vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda: Ráðgjafar hafa starfsstöð í Ráðhúsinu á Sauðárkróki.

Samþætting þjónustu í þágu barna: Starfsfólk félags-, skóla- og fræðsluþjónustu hefur starfsstöð í Ráðhúsinu á Sauðárkróki. Í innleiðingarteymi farsældar sitja auk starfsfólks fjölskyldusviðs fulltrúar frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra. Tengiliðir eru í hverjum skóla en málstjórn í 2. og 3. stigs málum er í höndum ráðgjafa fjölskyldusviðs sem hafa starfsstöð í Ráðhúsinu á Sauðárkróki.

Húsnæðismál

Fasteignamat, skráning (t.a.m. eignaskiptayfirlýsingar) og öflun grunnupplýsinga: Byggingarfulltrúi annast f.h. sveitarfélagsins skráningar fasteigna í fasteignaskrá. Byggingarfulltrúi hefur starfsstöð í Ráðhúsinu á Sauðárkróki.

Eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar: Byggingarfulltrúi sveitarfélagsins sér um eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingum í öllu sveitarfélaginu.

Húsnæðismál: Sveitarstjórn styðst við húsnæðisáætlun sveitarfélagsins sem gildir fyrir allt sveitarfélagið og er uppfærð árlega m.t.t. breytinga og þróunar sem orðið hafa á forsendum hennar á milli ára. Unnið er eftir reglugerð 1248/2018, húsnæðisáætlanir sveitarfélaga. Eins hefur sveitarfélagið félagslegt leiguhúsnæði sem er til staðar á Sauðárkróki og Hofsósi. Íbúar sveitarfélagsins geta sótt um félagslegt leiguhúsnæði og fer úthlutun samkvæmt reglum og viðmiðum þar um.

Sérstakur húsnæðisstuðningur: Frá 1. janúar 2019 tók Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) við umsjón með útreikningi og greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings fyrir 18 ára og eldri fyrir Skagafjörð. Skilyrði þess að umsækjandi fái greiddan sérstakan húsnæðisstuðning er að hann fái greiddar húsnæðisbætur á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Ekki þarf að sækja sérstaklega um sérstakan húsnæðisstuðning heldur munu allir umsækjendur um húsnæðisbætur sem fá samþykka umsjókn eða eru með samþykka umsókn fara sjálfkrafa í útreikning á sérstökum húsnæðisstuðning. Afgreiðsla og mat umsókna er rafræn og fer í gegnum húsnæðisbótakerfi HMS. Skagafjörður annast því til viðbótar afgreiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings til foreldra eða foreldra 15-17 ára barna sem eru á leigumarkaði.

Viðhald fasteigna: Eignasjóður Skagafjarðar sér um viðhald fasteigna sem eru í eigu sveitarfélagsins. Árlega vinnur eignasjóður að forgangslista viðhalds eigna í öllu sveitarfélaginu samhliða fjárhagsáætlun sem byggir á úttekt umsjónarmanns fasteigna og beiðnum stjórnenda hverju sinni.

Fræðslu- og menningarmál

Almenningsbókasöfn: Almenningsbókasöfn í sveitarfélaginu eru staðsett á Sauðárkróki, Hofsósi og í Varmahlíð.

Grunnskólar: Þrír grunnskólar eru í sveitarfélaginu; Árskóli á Sauðárkróki, Varmahlíðarskóli og Grunnskólinn austan Vatna á Hofsósi, frístundaúrræði, mötuneyti og skólaakstur er til staðar í hverjum skóla fyrir sig.

Leikskólar: Þrír leikskólar eru í sveitarfélaginu á fjórum starfsstöðvum, Ársalir á Sauðárkróki, Birkilundur í Varmahlíð og Tröllaborg á Hofsósi og Hólum.

Ráðning kennara, skólastjóra o.fl.: Öll ótímabundin störf eru auglýst og ráðning skólastjóra í höndum sviðsstjóra fjölskyldusviðs en ráðning annars starfsfólks í höndum skólastjóra.

Tónlistarskólar: Tónlistarskóli Skagafjarðar hefur aðalsetur á Sauðárkróki en sinnir tónlistarkennslu í öllum Skagafirði. Kennslustaðir eru þrír talsins og fara kennarar á milli kennslustaða eftir því sem þörf er á hverju sinni. Kennsla fer fram í öllum grunnskólum sveitarfélagsins, Árskóla á Sauðárkróki, Varmahlíðarskóla og Grunnskólanum austan Vatna á Hofsósi.

Frístundaheimili: Árvist er frístundaheimili fyrir nemendur í 1. og 2. bekk Árskóla á Sauðárkróki. Nemendur í 3. og 4. bekk á Sauðárkróki geta nýtt sér gjaldfrjálst frístundaúrræði í Húsi frítímans eftir skóla. Í Varmahlíðarskóla er frístund fyrir nemendur í 1.-4. bekk í húsnæði skólans. Lengd viðvera er einnig í boði í Grunnskólanum austan Vatna.

Öryggis- og löggæslumál

Almannavarnir: Sveitarfélagið fer eftir lögum um almannavarnir nr. 82/2008. Í almannavarnarnefnd Skagafjarðar sitja f.h. sveitarfélagsins sveitarstjóri, slökkviliðsstjóri, sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs, auk tveggja kjörinna fulltrúa. Jafnframt skipa nefndina lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra og yfirlögregluþjónn, auk framkvæmdastjóra lækninga á HSN. Slökkviliðsstjóri er formaður nefndarinnar.

Brunavarnir og brunamál: Brunavarnir Skagafjarðar eru með starfsstöðvar á Sauðárkróki, á Hofsósi og í Varmahlíð. Aðalstarfstöð er á Sauðárkróki.

Sjóvarnir: Stjórn hafnasjóðs (Landbúnaðar- og innviðanefnd) og Hafnastjóri Skagafjarðarhafna tryggja sjóvarnir á öllum höfnum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um sjóvarnir.

Umhverfis- og skipulagsmál, dýrahald o.fl.

Fjallskil: Samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Skagafjarðarsýslu eru 15 fjallskiladeildir í umdæminu. Sveitarstjórn tilnefnir fjallskilastjóra skv. sveitarstjórnarlögum í upphafi hvers kjörtímabils.

Framkvæmd umhverfismats: Skipulagsfulltrúi hefur, f.h. sveitarfélagsins, eftirlit með að fullnægjandi umhverfismat sé unnið í tengslum við leyfisveitingar vegna framkvæmda.

Gatnagerð: Veitu- og framkvæmdasvið ber ábyrgð á gatnagerð í þéttbýli og er farið eftir framkvæmdaáætlun hverju sinni.

Heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir: Sveitarfélagið í heild heyrir undir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra og á fulltrúa í heilbrigðiseftirlitsnefnd.

Landgræðsla: Landbúnaðar- og innviðanefnd fer með málefni landgræðslu í Skagafirði.

Meindýraeyðing, dýraeftirlit: Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga sjá m.a. um að halda meindýrum í lágmarki. Sveitarfélögin gegna einnig vissu hlutverki, ásamt Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands, við dýraeftirlit. Sveitarfélagið gerir samninga við veiðimenn vegna minka- og refaveiði í sveitarfélaginu.

Nafngiftir nýrra náttúrufyrirbæra: Öðru hverju verða til ný náttúrufyrirbæri í landinu eða á landgrunni. Verði þörf á nafni á slíkt fyrirbæri ber sveitarstjórn að hafa frumkvæði að nafngift að fenginni umsögn Örnefnanefndar (sbr. 7. gr. laga um örnefni nr. 22/2015). Að því búnu skal sú tillaga sem fyrir valinu verður send ráðherra til staðfestingar. Enn fremur skal senda tilkynningu um ný nöfn á náttúrufyrirbærum til Landmælinga Íslands.

Skipulagsmál: Skipulagsnefnd gerir tillögur til sveitarstjórnar að nýjum deiliskipulögum og endurskoðun eldri skipulaga. Á skilgreindum hafnarsvæðum er það verkefni þó á höndum stjórnar hafnasjóðs sem er landbúnaðar- og innviðanefnd sveitarfélagsins. Skipulagsfulltrúi vinnur að framgangi skipulags til samræmis við ákvæði skipulagslaga. Skipulagsfulltrúi hefur starfsstöðvar á Sauðárkróki og tímabundið nú um stundir í Kópavogi.

Söfnun og meðferð úrgangs: Skagafjörður er með samning við Íslenska gámafélagið um meðhöndlun og förgun heimilissorps í sveitarfélaginu.

Tilkynningaskylda um fornleifar í hættu eða spjöll á friðlýstu svæði: Á verksviði skipulagsfulltrúa fyrir allt sveitarfélagið.

Verndarsvæði í byggð: Verndarsvæði í byggð er skipulagsmál og þar með á verksviði skipulags- og byggingarfulltrúa að hafa eftirlit með að unnið sé samkvæmt skilmálum verndar.

Loftslagsstefna sveitarfélaga: Umhverfisstefna Skagafjörðar sem inniheldur loftslagsstefnu var samþykkt og gefin út árið 2022.

Kosningar

Framlög til stjórnmalasamtaka: Á ábyrgð stjórnsýslu- og fjármálasviðs sveitarfélagsins, greitt samkvæmt 5. gr. laga um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006.

Alþingis-, forseta- og sveitarstjórnarkosningar: Framkvæmd kosninga í Skagafirði fer fram samkvæmt kosningalögum nr. 112/2021. Í sveitarfélaginu er tilnefnd yfirkjörstjórn á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar og í framhaldi af því tilnefnt í undirkjörstjórnir sem eru þrjár í öllu sveitarfélaginu, þ.e. á Sauðárkróki, Hofsósi og í Varmahlíð. Vikurnar fyrir kosningar býður sveitarfélagið í samstarfi við sýslumanninn á Norðurlandi vestra upp á utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Samgöngur

Lagning og viðhald vega og stíga: Sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs í umboði landbúnaðar- og innviðanefndar sér um þessi mál er heyra undir sveitarfélagið. Unnið er eftir gildandi framkvæmdaáætlun hverju sinni.

Vatns- og fráveitur

Fráveitur: Sveitarfélagið rekur fráveitukerfi innan allra þéttbýliskjarna í sveitarfélaginu, að Hólum í Hjaltadal frátöldum (á forræði íslenska ríkisins), og veitir þjónustu við losun rotþróa innan og utan þéttbýlis.

Vatnsveitur: Skagafjarðarveitur sem eru í eigu sveitarfélagsins Skagafjarðar eiga og reka vatnsveitur innan þéttbýlis í öllu sveitarfélaginu.

Íþróttar- og æskulýðsmál

Frístundastarf: Hús frítímans er miðstöð frístundastarfs allra íbúa sveitarfélagsins, óháð aldri, og er til húsa að Sæmundargötu 7 á Sauðárkróki. Auk starfsemi í þágu eldri borgara, ungmenna og grunnskólabarna er húsið opið fyrir hvers konar félags- og menningarstarfsemi íbúa héraðsins.

Íþróttamálefni, bygging íþróttahúsa o.fl.: Íþróttahús er á Sauðárkróki og í Varmahlíð. Áform eru um byggingu íþróttasalar á Hofsósi á komandi árum. Sundlaugar eru á Sauðárkróki, á Hofsósi, í Varmahlíð og á Sólgröðum. Á íþróttasvæðinu á Sauðárkróki er að finna upphitaðan gervigrasvöll sem og löggildan keppnisvöll í frjálsum íþróttum. Upphitaðir sparkvöllir eru við grunnskólana á Sauðárkróki, í Varmahlíð og Grunnskólann austan Vatna á Hofsósi. Auk þess er að finna upphitaða körfuboltavelli við grunnskólana.

Þjónusta við unglínga: Félagsmiðstöð, starf fyrir 13-16 ára, er að finna í öllum þéttbýliskjörnum Skagafjarðar. Vinnuskóli er í öllu sveitarfélaginu. Frístundastrætó er í boði fyrir börn utan Sauðárkróks.

Æskulýðsmál: Styrktar-, samstarfs- og/eða þjónustusamningar við félög og félagasamtök á sviði æskulýðsstarfs í öllu sveitarfélaginu.

Heilbrigðismál

Bygging heilsugæslu og sjúkrastofnana: Unnið er að fjölgun hjúkrunarrýma á Sauðárkróki í samstarfi við ríkið.

Ýmsar aðrar skyldur

Húsmæðraorlof: Skagafjörður greiðir í húsmæðraorlofssjóð fyrir konur í Skagafirði, samkvæmt lögum um orlof húsmæðra nr. 53/1972.

Jafnréttismál: Byggðarráð ber ábyrgð á jafnréttismálum í Skagafirði og fer eftir jafnréttisáætlun sem er endurskoðuð reglulega. Einnig hefur sveitarfélagið hlotið jafnlaunavottun sem er endurskoðuð reglulega.

Kirkjur og kirkjugarðar: Sveitarfélagið sinnir skyldum við kirkjugarða og kirkjur samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og lögum um kristnisjóð nr. 35/1970. Auk þess eru hafðar til hliðsjónar viðmiðunarreglur kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga um kirkjugarðsstæði og fleira, frá 1. júlí 2015.

Umsögn um rekstrarleyfi: Byggingarfulltrúi og byggðarráð gefa umsagnir fyrir rekstrarleyfi í Skagafirði að beiðni sýslumanns á Norðurlandi vestra.

Útgáfa áfengissöluleyfa: Byggðarráð gefur umsögn um áfengissöluleyfi í Skagafirði að beiðni Sýslumanns á Norðurlandi vestra.

Stjórnsýsla sveitarfélaga

Álagning og innheimta opinberra gjalda: Sveitarstjórn setur gjaldskrár ár hvert samhliða fjárhagsáætlun hvers árs. Gjaldskrár eru birtar á vefsíðu sveitarfélagsins og þær sem við á í B-deild Stjórnartíðinda. Fjármálastjóri ber ábyrgð á því í umboði byggðarráðs fyrir sveitarfélagið í heild að framfylgja álagningu og innheimtu. Álagning og innheimta er rafræn og hægt að fá aðstoð og upplýsingar hjá innheimtu sveitarfélagsins í gegnum síma eða komu í ráðhúsið á Sauðárkróki. Sveitarfélagið er með samning við innheimtufyrirtæki vegna milliinnheimtu krafna sem eru komnar fram yfir eindaga.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga: Stjórnsýslusvið ber ábyrgð á málaflokknum, sveitarfélagið hefur persónuverndarfulltrúa á sínum vegum og unnið er eftir lögum um persónuupplýsinga nr. 90/2018 fyrir allt sveitarfélagið.

Starfsmannamál, kjarasamningar: Mannauðsstjóri sveitarfélagsins fer með yfirstjórn þessara mála fyrir allt sveitarfélagið í samstarfi við sveitarstjóra og sviðsstjóra sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnir - verkefni og skyldur: Sveitarstjórn sveitarfélagsins vinnur eftir sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Upplýsingagjöf: Sveitarfélagið vinnur eftir upplýsingalögum nr. 140/2012. Vefsíða sveitarfélagsins er mikilvægur hlekkur í upplýsingagjöf sveitarfélagsins og eru allar helstu upplýsingar að finna þar. Eins er sveitarfélagið vakandi fyrir stafrænum skrefum í aukinni þjónustu við íbúa sem er til hagsbóta fyrir alla íbúa sveitarfélagsins óháð búsetu. Varðandi beiðnir á grundvelli upplýsingalaga er hægt að beina öllum slíkum beiðnum til Ráðhúss Skagafjarðar þar sem beiðni er tekin til meðferðar.

Útboð opinberra framkvæmda og innkaupa: Fjármálastjóri og aðrir sviðsstjórar sjá um útboð opinberra framkvæmda og innkaupa fyrir sveitarfélagið. Farið er eftir lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og innkaupareglum sveitarfélagsins frá árinu 2022. Eins er sveitarfélagið aðili að rammamálum.

Varðveisla skjala: Sveitarfélagið fer eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Skjalastjóri sveitarfélagsins ber ábyrgð á varðveislu skjala í Skagafirði í samstarfi við aðra stjórnendur.

Lögheimil verkefni

Bann/takmörkun gæludýra- og húsdýrahalds: Sveitarstjórn setur samþykkt um hunda- og kattahald sem gildir í þéttbýli.

Hafnir: Hafnarstjóri í umboði stjórnar Skagafjarðarhafna (Landbúnaðar- og innviðanefnd Skagafjarðar) sér um viðhald og framkvæmdir á öllum hafnasvæðum í Skagafirði, þ.e. á Sauðárkróki, Hofsósi og í Haganesvík.

Héraðsskjalasöfn: Sveitarfélagið rekur Héraðsskjalasafn Skagfirðinga í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Hitaveitur: Skagafjarðarveitur, sem er B-hluta stofnun í eigu Skagafjarðar, á og rekur dreifikerfi hitaveitu í Skagafirði. Um eða yfir 90% heimila í Skagafirði njóta aðgangs að hitaveitu.

Leiklistarmál: Sveitarfélagið er með styrktar- og þjónustusamning við Leikfélag Sauðárkróks. Önnur leikfélög sækja um styrki þegar sett eru upp leikverk.

Lögreglusamþykktir: Lögreglusamþykkt fyrir Norðurland vestra er í gildi og var hún samþykkt árið 2019 í sveitarstjórnnum allra sveitarfélaga í landshlutanum.

Náttúrustofur: Sveitarfélagið kemur að rekstri Náttúrustofu Norðurlands vestra sem kemur að verkefnum víðs vegar um sveitarfélagið.

Valkvæð verkefni

Skíðasvæði: Eitt skíðasvæði er í Skagafirði og er það staðsett í Tindastóli.

Heilsuræktarstöðvar: Aðstaða er til heilsuræktar fyrir iðkendur á vegum UMSS í íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Jafnframt er aðstaða til heilsuræktar í íþróttahúsinu í Varmahlíð og er hún einnig opin almenningi.

Björgunarsveitir: Skagafjörður styrkir björgunarsveitirnar þrjár í sveitarfélaginu.

Vettvangsliðahópur í slysa- og sjúkraútköllum: Engir vettvangsliðahópar starfa í Skagafirði. Brunavarnir sveitarfélagsins sinna sjúkraflutningum í Skagafirði skv. samningi við HSN.

Hjólástígar: Veitu- og framkvæmdasvið sér um gerð hjólástíga í Skagafirði. Farið er eftir framkvæmdaáætlun hverju sinni.

Skrifstofusetur: Ráðhús sveitarfélagsins er staðsett á Sauðárkróki. Þar fer fram öll megin þjónusta varðandi stjórnarsýslu, fjármál, starfsmannamál, skipulag og byggingareftirlit og félags-, fræðslu- og frístundapjónustu. Sveitarfélagið er einnig með afgreiðslu og skrifstofu í húsnæði Skagafjarðarveitna þar sem málefnum veitu- og framkvæmdasviðs er sinnt. Sveitarfélagið rekur einnig skrifstofusetur við Faxatorg á Sauðárkróki.

Ráðgefandi hópur um aðgengismál: Ráðgefandi hópur um aðgengismál er starfandi hjá Skagafirði. Markmiðið hópsins er að yfirfara fyrirhugaðar framkvæmdir hjá sveitarfélaginu með tilliti til aðgengis, koma með tillögur um endurbætur á aðgengi og forgangs röðun þeirra. Tillögurnar eru hafðar til skoðunar við gerð fjárhagsáætlana hvers árs.

Tjaldsvæði: Sveitarfélagið rekur þrjú tjaldsvæði. Tjaldsvæðin eru staðsett á Sauðárkróki, á Hofsósi og í Varmahlíð. Rekstur þeirra hefur verið boðinn út sameiginlega.

Ýmsir styrkir: Skagafjörður veitir styrki til ýmissa verkefna.

Endurskoðun

Stefna þessi er endurskoðuð að lágmarki á hverju ári samhliða fjárhagsáætlun skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Stefna þessi er fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi.